


TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI 1:1000




GILDANDI AÐALSKIPULAG

## GREINAGERÐ DEILISKIPULAGSTILLÖGU

**FORSENDUR SKIPULAGS**
ÞRJAR'LÓÐIR ERU Í EINKAEIGU Á SVOKÖLLUÐUM HREFNUTANGA. Á EINNI ER BYGGT EINBÝLISHÚS EN Á HINUM TVEIMUR ERU SUMARHÚS. MEÐ ÞESSARI DEILISKIPULAGSTILLÖGU ER AUSTUSTU LÓÐINNI SKIPT Í TVENNT OG EITT HÚS STAÐSETT Á HVORRI LÓÐ.

**AÐSTÆÐUR Á SKIPULAGSSVÆÐINU**
SKIPULAGSSVÆÐIÐ ER UM 3500 m² SEM HEITIR TANGINN Í SKRÁM FMR. LANDIÐ LIGGUR NÁLÆGT BAKKA ÖLFUSÁR VIÐ VEG AÐ SKÓGRÆKTARSVÆÐI OG EFSTA VEIÐISVÆÐINU FYRIR LANDI SELFOSS. NOKKUR HÆÐARMUNUR ER **Á LANDINU, LÆGST VIÐ VEGINN EN HÆKKAR UM 5-6M EFST.** LANDIÐ ER VEL GRÓIÐ MEÐ SKOG NEÐST EN SÆMILEGA SLÉTT GRASFLÖT EFST.

MEÐALHIT SÍÐUSTU ÁRA ER RÚMLEGA 5°C. NOKKUÐ ER UM KALDA NORÐANÁTT MEÐ ÖLFUSÁ OG TALSVERÐUR SKAFRENNINGUR GETUR VERIÐ Á SVÆÐINU AF MÝRINNI OFAN ÞESS.

**STEFNA AÐALSKIPULAGS**
SVÆÐIÐ ER SKIPULAGT SEM BLÖNDUÐ LANDNOTKUN ÍBÚÐABYGGÐAR OG SUMARHÚSABYGGÐAR OG SKULU FRAMKVÆMDIR SAMRÆMAST AÐALSKIPULAGI.

**AÐRAR FYRIRLIGGJANDI ÁÆTLANIR**
OFAN SVÆÐISISN ER SKIPULAGT SKÓGRÆKTARSVÆÐI Í SAMSTARFI VIÐ SKÓGRÆKTARFÉLAG SELFOSS. EKKI ER VITAÐ UM AÐRAR FYRIRLIGGJANDI ÁÆTLANIR SVEITASTJÓRNAR Á SVÆÐINU.

**AÐRAR TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN**
EKKI ER HEIMILT AÐ BYGGJA NÆR ÁRBAKKA EN 35m.

**ÚRSKURÐUR UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA**
SLÍKT LIGGUR EKKI FYRIR Á SKIPULAGSSVÆÐINU.

**NIÐURSTÖÐUR FORNLEIFASKRÁNINGAR**
UPPDRÁTTUR HEFUR VERIÐ SENDUR TIL FORNLEYFAVERNDAR RÍKISINS TIL UMSAGNAR.

**BYGGÐAMYNSTUR**
STÆRÐ HÚSA SKAL EKKI FARA YFIR 300 FERMETRA. NÝTINGAHLUTFALL FYRIR LÓÐ 1 ER 0,15 OG FYRIR LÓÐ 2 0,2. HÚS SKAL BYGGJA INNAN BYGGINGAREITS OG STAÐSETJA SKAL STAÐSETT AF HÖNNUÐI ÞANNIG AÐ ÞAÐ FALLI SEM BEST AÐ UMHVERFINU. HÚS SKULU BYGGÐ SAMKVÆMT BYGGINGARREGLUGERÐ. HÆÐ HÚSA SKAL VERA HÁMARK 6,5. METRAR FRÁ UPPGEFNUM GÓLFKÓTA HÚSS. EKKI ER GEFIN ÁKVEÐIN MÆNISSTEFNA. BÍLASTÆÐI SKULU VERA INNAN LÓÐAR. LÓÐIRNAR HAFA ÁKVEÐIN HNITASETT MÖRK EINS OG UPPDRÁTTUR SÝNIR.

**FRÁVEITA**
FRÁVEITA VERÐUR BYGGÐ UPP ÞANNIG AÐ Á HVORRI LÓÐ VERÐI ROTÞRÓ OG SITURLÖGN VIÐ HANA. STAÐSETNING OG FRÁGANGUR ROTÞRÓAR OG SITURLAGNAR SKAL VERA ÞANNIG AÐ SIGVATN VALDI NÁGRANNALÓÐUM EKKI ÓÞÆGINDUM OG Í SAMRÆMI VIÐ REGLUR HEILBRIGÐISEFTIRLITS. STAÐSETNING SKAL VERA ÞANNIG AÐ MÖGULEIKI VERÐI Á TENGINGU VIÐ SAMEIGINLEGA FRÁVEITU EF HÚN VERÐUR LÖGÐ Í HVERFIÐ EN EKKI ER FJARHAGSLEGA HAGKVÆMT AÐ LEGGJA SLÍKA LÖGN Á ÞESSU SVÆÐI VEGNA AÐSTÆÐNA.

**ÞJÓNUSTA**
SORP ER SAFNAÐ SAMKVÆMT REGLUM SVEITARFÉLAGSINS
ÞJÓNUSTA SLÖKKVIÐLIÐS ER FRÁ BRUNAVÖRNUM ÁRNESSÝSLU.
RAFMAGN ER FRÁ HITAVEITU SUÐURNESJA.
HITAVEITA ER FRÁ SELFOSSVEITUM.
KALT VATN ER VATNSVEITU ÁRBORGAR.
LAGNIR SKAL STAÐSETJA Í SAMRÁÐI VIÐ VIÐKOMANDI VEITUR.
LÓÐARHAFAR SKULU FÁ SAMÞYKKI VIKOMANDI VEITUSTOFNANA ÁÐUR EN FRAMKVÆMDIR HEFJAST

**SAMGÖNGUR OG BÍLASTÆÐI**
AÐKOMA ER FRÁ VEGI MEÐFRAM ÖLFUSÁ SEM LIGGUR AÐ SKÓGRÆKTARSVÆÐI SKÓGRÆKTARFÉLAGS SELFOSS. VEGURINN TENGIST ÞJÓÐVEGI 1 OG ÁRTÚNI Á SELFOSSI.




SNIÐ 1, 1:1000




SNIÐ 2, 1:1000



SÉÐ TIL VESTURS



SÉÐ TIL AUSTURS

**SKÝRINGAR**

- Byggingarreitur á lóð, bindandi
- Byggingarreitur á lóð, hámark
- Mænisstefna
- Útlínur lóðar
- Flatarmál lóðar
- Mörk deiliskipulags

Skipulags- og byggingar- fulltrúi Árborgar

samþ. í Skipulags- og byggingarnefnd Árborgar 27/6 '06

DEILISKIPULAG LÓÐA Á HREFNUTANGA Á SELFOSSI SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ SAMKVÆMT 25 gr. SKIPULAGS- OG BYGGINGALAGA NR. 73/1997 M.S.BR. VAR SAMÞYKKT AF BÆJARRÁÐI ÁRBORGAR ÞANN ______________________

______________________

**TANGINN, SELFOSSI**

| TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI | | | Mælikvarði: 1:1000 |
|---|---|---|---|
| Hannað: PB | Teiknað: | Yfirfarið: | Dags: 05.04.06 |
| Slóð á diski: | Skráarnafn: | Verknr. 06.056 | Bl.nr. |
| Samþykkt: | | | |

**VERKFRÆÐISTOFA SUÐURLANDS EHF**

Austurvegur 5, 800 Selfoss, Sími: 482 3900, Fax: 482 3914, Netf: verksud@verksud.is

Frumstærð blaðs A2